

Í upphafi skyldi endinn skoða

- Hvernig er best að skipuleggja sparnað og uppbyggingu eigna í upphafi starfsferils?
- Borgar sig að hugsa um eftirlaun þegar maður hefur störf á vinnumarkaði?

Að vissu leyti má líkja þeim sem eru að byrja að vinna við farþega sem er að leggja í langferð eða ferðalag. Allir sem fara í ferðalag gefa sér tíma til að gera ferðaáætlun, ákveða hvað á að taka með sér og gera ráðstafanir til að einhver líti eftir eignum. Sá sem hefur störf á vinnumarkaði þarf að gera áætlun um eyðslu og sparnað auk þess að gera ráðstafanir til að verja sig fyrir áföllum. Þeim sem gefa sér tíma til að skipuleggja strax fjármálin til æviloka er umbunað með rýmri fjárráðum.

Til þess að eignast eignir þarf að spara. Árangursríkasta leiðin til þess er að spara reglulega með greiðslum í upphafi hvers mánaðar. Gagnlegt er að skipta sparnaðinum upp eftir tilgangi líkt og gert er í neðangreindri töflu og setja sér markmið um fjárhæð í hverjum flokki en þannig má reikna hvað þarf að leggja mikið fyrir. Því fyrir sem byrjað er að spara því minna þarf að leggja fyrir.

Sparnaður

Flokkur

Dæmi (viðmiðun)

Eftirlaunasparnaður er nauðsynlegur til að byggja upp sjóð til að ganga á eftir að látið er af störfum

- Lífeyrissjóður (12% af launum, stundum meira ef starfsævi er stutt)
- Viðbótarlífeyrissparnaður (4% af launum)

Skammtímasparnaður er til að byggja upp sjóð til að grípa í fljótlega eða með litlum fyrirvara


- Varasjóður til að nota vegna óvæntra fjárútláta eða tekjuskerðingar (3–9 mánaða laun, misjafnt eftir fjölskylduhögum og skuldbindingum)
- Neyslusjóður til að fjármagna neyslu, t.d. utanlandsferð

Langtímasparnaður er til að byggja upp eignir eða til að bæta við tekjum í starfslok

- Til að kaupa fasteign, sumarhús, o.s.frv.
- Fjárhæð ræðst af markmiðum en ekki er óeðlilegt að miða við að langtímasparnaður sé a.m.k. 15–20% af heildarlaunum
- Hluti af langtímasparnaði getur verið í formi afborgana langtímalána

Þegar kemur að því að skipuleggja fjármálin og taka ákvörðun um sparnað er gagnlegt að skipta honum í mismunandi flokka

Hvað þarf að spara mikið á mánuði til að safna 1 milljón?




Efri myndin sýnir hver mánaðarlegur sparnaður þarf að vera til að safna einni milljón á mismunandi löngum tíma.

Neðri myndin sýnir hvernig eignin í lok sparnaðartíma skiptist í höfuðstól og vexti.

Því lengri sem sparnaðartíminn er því minna þarf að leggja fyrir og því hærra verða vextirnir.

Reiknað er með föstum 3,5% vöxtum allan sparnaðartímann.



Hér koma nokkur góð ráð fyrir þá sem eru nýir á vinnumarkaði

- Leggðu fyrir mánaðarlega. Reglulegur sparnaður er besta og árangursríkasta leiðin til að eignast eignir. Byrjaðu hvern mánuð á að borga sjálfum þér það sem þú treystir þér til að leggja til hliðar.
- Reiknaðu strax með eftirlaunasparnaði. Byrjaðu strax með viðbótarlífeyrissparnaði, að minnsta kosti 2% af launum til að fá móttframlag launagreiðanda. Ef þú getur lagt meira fyrir þá er það af hinu góða.
- Líttu á eftirlaunasparnað sem ósnertanlegan. Þótt ótrúlegt megi virðast, þá kemur að því að þú hættir að vinna og þá er gott að eiga sjóð til að greiða eftirlaun.
- Leggðu fyrir í varasjóð sem nemur 3–9 mánaða launum. Þegar varasjóður er tilbúinn getur þú varið þessum hluta sparnaðarins til að byggja upp neyslusjóð.
- Fjármagnaðu neyslu með sparnaði frekar en lánum.
- Reiknaðu með hinu óvænta. Þeir sem eru nýir á vinnumarkaði þurfa að útvega sér tryggingu gegn tekjumissu vegna örorku því það tekur þrjú ár að öðlast full réttindi í lífeyrissjóði.

Í fjármálum er góð venja að byrja aftan frá og skipuleggja sig þannig. Sá sem ætlar að eignast einhvern hlut ætti alltaf að byrja á því að kanna hvað hann kostar og gera síðan áætlun um sparnað til að kaupa hlutinn. Að sama skapi er vænlegast fyrir einstaklinga að lita á ævina sem eina heild og byrja á eftirlaunasjóðnum. Spyrjið ykkur hvað þið þurfið miklar tekjur í starfslok og reiknið út frá því hvað þarf að

eiga mikinn sjóð til að standa undir þeim. Hvaða aðrar eignir viljið þið eignast á ævinni og hvenær? Að þessu loknu er hægt að reikna hvað þarf að leggja mikið fyrir til að ná settum markmiðum og gera síðan áætlun til að ná þeim. Markmiðin þarf síðan að endurskoða reglulega í samræmi við getu og óskir og breyta mánaðarlegum sparnaði eftir því.

Hvernig getur Almenni aðstoðað þig?

- Almenni lífeyrissjóðurinn býður nýjum sjóðfélögum að hitta ráðgjafa á stöðufundi um lífeyrisréttindi. Á stöðufundinum er farið yfir réttindin sjóðfélaga og bent á leiðir til að bæta við eftirlaunin og verjast áföllum vegna örorku eða fráfalls. Þú getur pantað stöðufund hér.
- Á sjóðfélagavef Almenna lífeyrissjóðsins getur þú auðveldlega fylgst með hvað verður um iðgjöldin þín og hvaða réttindi þú ávinnur þér með greiðslum í sjóðinn.
- Á heimasíðu okkar eru reiknivélar til að reikna hvernig sparnaður byggist upp og einnig til að reikna greiðslubyrði lána miðað við mismunandi forsendur.

Fræðslugreinar Almenna lífeyrissjóðsins eru skrifaðar með hliðsjón af upplýsingum sem liggja fyrir á hverjum tíma. Sjóðurinn og starfsmenn hans bera ekki ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli efnis og upplýsinga sem birtist í greinunum. Lesendum er ráðlagt að kynna sér málin vel og fá ráðgjöf og upplýsingar frá fleiri en einum aðila áður en ákvarðanir eru teknar.